



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. janúar 2018

Tilvísun: 201801-0001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum - nauðgun

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (kynferðisbrot), 10. mál.

Frumvarpið hefur áður verið lagt fram á alþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Embætti héraðssaksóknara skilaði umsögn um fyrra frumvarp sbr. meðfylgjandi bréf embættisins dags. 29. maí 2017 og er vísað til þeirra umsagnar.

Embætti héraðssaksóknara

Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari

Fylgiskjal:

- Umsögn héraðssaksóknara um samhljóða frumvarp dags. 29. maí 2017



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

KB/

Reykjavík 29. maí 2017

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (kynferðisbrot), 419. mál.

Fram kemur í greinagerð með frumvarpinu að tilgangur breytingarinnar sé að samþykki verði í forgrunni þegar kemur að skilgreiningu á nauðgun. Þá leggi flutningsmenn áherslu á þau almennu varnaðaráhrif sem slíkri breytingu fylgi og muni leiða til þess að eintaklingar yrðu líklegri til að vera meðvitaðri um mikilvægi þess að fá samþykki fyrir þátttöku í kynferðislegri athöfn. Undir þessi sjónarmið getur héraðssaksóknari tekið. Þá er frumvarpið vel rökstutt með vísan í innlendar rannsóknir og alþjóðasamninga sem Íslands er aðili að auk dómaframkvæmdar mannréttindadómstóls Evrópu. Fallast má á að með frumvarpinu sé tekin af allur vafi um að sú háttsemi að hafa samfarir eða önnur kynferðismök við eintakling sem ekki tekur virkan þátt í hinni kynferðislegu athöfn eða sýnir algjört athafnaleysi, falli undir skilgreiningu nauðgunar. Þá er til bóta að ákvæðið tiltekur að samþykki sem fengið er með blekkingum eða það að hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður sé ekki gilt.

Það má hins vegar benda á að það eru skiptar skoðanir um það hvort sú nálgun að byggja á skorti á samþykki í stað verknaðarlýsingar þegar kemur að skilgreiningu á nauðgun sé rétt. Til dæmis hefur lögfræðingurinn og fræðimaðurinn Catherine Mackinnon gagnrýnt löggjöf sem byggir á skorti á samþykki þar sem hún telur að áherslan sé þá í of miklu mæli á háttsemi brotþola, hvað brotþoli gerði eða gerði ekki, í stað þess að leggja áherslu á háttsemi sakbornings. Þá hefur verið nokkur umræða bæði í Svíþjóð (líkt og bent er á í greinagerð) og Danmörku um hvort rétt sé að gera sambærilegar breytingar á löggjöf þeirra ríkja um nauðgun og þá byggja á skorti á samþykki. Enn hafa þó ekki verið gerðar breytingar í þessa átt á löggjöf ríkjanna svo héraðssaksóknari viti til. Hugsanlega er rétt að áður en ráðist er í grundvallarbreytingar sem þessa að kalla eftir umsögn refsiréttarnefndar hafi það ekki þegar verið gert.

Kolbrún Benediktsdóttir
varahéraðssaksóknari

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is